

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**27. febrúar 2024**

## **Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um aukna áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera nauðsynlegar breytingar til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með hausti 2024.

### **Greinargerð**

Öruggt er að segja að samfélagið er mikilvægur hluti af lífi allra. Af mörgum fullorðnum er ætlast til að ungmenni viti mikið um það sem er í gangi í heiminum en ekki er mikið rætt um það í grunnskólum. Að okkar mati ætti að vera a.m.k. einn tími í viku tileinkaður samræðum um það sem er í gangi í heiminum. Þessar samræður geta ýtt undir áhuga nemenda á umheiminum og hvatt þau til að afla sér enn meiri upplýsinga um ástand jarðarinnar.